

Sorphirða í Hafnarfirði

Janúar 2015

Minnisblað: varðar verklag vegna sorphirðu

Borist hafa kvartanir um jólin vegna sorphirðu, aðallega í fjölbýlishúsum. Snúa þessar kvartanir að mestu leyti um að ekki hafi verið tekið rusl sem var ekki í ílátunum eða að ílátin hafi ekki verið tæmd.

Ástæður þess að ílátin hafi ekki verið tæmd eru helst tvær :

- Aðgengi að ílátunum ekki verið með þeim hætti að hægt sé að komast að þeim, t.d. mikill snjór fyrir geymslu.
- Mikið magn af sorppokum hefur hindrað aðgengi að ílátum.

Þetta verklag er í samræmi við útboðsgögn og reglugerðir um meðhöndlun úrgangs.

Í verklýsingu samnings við núverandi verktaka stendur í grein 3.1 að „Verktaka er ekki skylt að taka sorp eða rusl sem er ekki í ílátunum“. Þessu ákvæði hefur verið framfylgt frá upphafi samnings (apríl 2013) og reyndar í nokkur ár þar á undan. Sorphirðuverktaka er einfaldlega ekki ætlað að taka neitt sorp sem ekki er í ílátum. Hann býður í losun íláta og fær bara greitt fyrir það.

Í bæði byggingarreglugerð og reglugerð um meðhöndlun úrgangs kemur fram að aðgengi að sorpílátum skal vera greitt.

Það má bæta við að þetta verklag er í samræmi við jafnræðisreglu þar sem að íbúar sem eru með meira sorp en rúmast í ílátum sem þeir greiða fyrir geta sótt um aukailát og greitt sérstaklega fyrir það.

Virðingarfyllst,

Ishmael David, verkefnisstjóri.

Umhverfi og framkvæmdir Hafnarfjarðar